



TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Heimild til áframhaldandi undirbúnings og verkhönnunar borgargatna í Árbæ.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna borgargatnanna Rofabæjar og Bæjarbrautar.

Greinargerð:

Rofabær og Bæjarbraut eru borgargötur samkvæmt samþykktu Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og hafa í samræmi við það forgang þegar kemur að endurhönnun og fegrun gatnaumhverfis. Við endurhönnun gatnanna verður horft til fjölþætts hlutverks þeirra sem mikilvægs og fjölbreytilegs almenningsrýmis í borgarlandinu og samhengi þeirra við aðliggjandi byggð.

Í hverfisskipulagi fyrir Árbæ er lögð áhersla á að almenningsrými verði eflað, m.a. með hverfistorgum við Hraunbæ, Rofabæ og Árbæjarkirkju, samhliða því að Bæjarbraut og Rofabraut verði að borgargötum. Við hverfistorgin eru fyrirhugaðar hleðslustöðvar fyrir rafbíla, möguleg stæði fyrir deilibíla, grenndarstöðvar og bíðstöðvar fyrir almenningsvagna.

Meðfylgjandi tillögunni er forhönnun Rofabæjar og Bæjarbrautar sem unnin var af verkfræðistofunni Eflu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Forhönnun Rofabæjar og Bæjarbrautar.